

1864.

17. ágúst.

74 Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um nokkrar spurningar, er ber að leggja fyrir skipbrotsmenn.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið álitsskjöl amtmannanna á Íslandi um uppástungu þá, sem getið er í bréfi stjórnarráðsins 14. dag septemberm. f. á., og lýtur sú uppástunga að því, að hreppstjórunum í þeim hreppum á Íslandi, er liggja við sjó, verði fengin prentuð eyðublöð á ensku og frakknesku með slíkum spurningum til að leggja fyrir skipstjóra af strönduðum skipum, sem almennt er mest um varðandi að fá svar uppá, og skyldi senda sýslumanni eyðublöð þessi þegar skipstjórinn væri búinn að fylla út í eyðurnar og undirskrifa þau. Síðan hefir stjórnarráðið látið prenta eyðublöð þau, sem hér er um rætt, og eru á þeim 11 spurningar á íslenzku, frakknesku og ensku, og á eptir hverri spurningu eyða fyrir svarinu.

Um leið og yður, herra (tit.), eru send 100 exemplör af eyðublöðum þessum, skal skorað á yður, að útbýta þeim til hreppstjóranna í þeim hreppum í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu), þar sem gjört verður ráð fyrir að útlend skip kunni að brotna, og að gefa hlutaðeigendum nákvæmari reglur fyrir því, hvernig þau skuli notuð á hagkvæmasta hátt.

(Fylgiskjal.)

Nokkrar spurningar til að leggja fyrir skipbrotsmenn.

- 1) Hvað heitir skipið og hvar á það heima?

Quelques questions pour être faites aux naufragés.

- 1) Quel est le nom du navire, et à quel endroit appartient-il?

réponse:

Some questions to be put to shipwrecked people.

- 1) What is the ship's name, and to where does it belong?

answer:

1864.

- 2) Hversu stórt er skipið?
- 3) Hvað heitir útgjörðarmaður eður útgjörðarmenn skipsins og hvar á hann eður þeir heima?
- 4) Hvað heitir skipstjóri og hvar á hann heima?
- 5) Hversu margir menn voru á skipinu?
- 6) Hefir öllum, sem á skipinu voru, orðið bjargað?
- 7) Var ábyrgð (assurance) fyrir skipinu?
- 8) Hverjar orsakir voru til þess, að skipið fórst?

2) De quelle grandeur est le navire?

réponse:

3) Quel est le nom de l'armateur (des armateurs), et à quel endroit appartient-il (appartiennent-ils)?

réponse:

4) Quel est le nom du capitaine (du patron), et à quel endroit appartient-il?

réponse:

5) Combien d'hommes était à bord du navire?

réponse:

6) Tous les hommes ont-ils été sauvés?

réponse:

7) Le vaisseau était-il assuré?

réponse:

8) Quelles furent les causes du naufrage?

réponse:

2) How great is the ship?

answer:

3) What is the ship-owner's (ship-owners') name, and where does he (do they) belong to?

answer:

4) What is the captain's name, and where does he belong to?

answer:

5) How many people were onboard the ship?

answer:

6) Have all the men been saved?

answer:

7) Was the ship insured?

answer:

8) Which were the causes of the shipwreck?

answer:

1864.

- 9) Hafa landsmenn eptir megni látið skipbrotsmönnum hjálp í tæ, eður hafa þeir gefið ástæðu til umkvartana á nokkurn hátt?
- 10) Óskar skipstjórinn að fá liðveizlu yfirvaldsins við björgunina, eður til að koma skipverjum heim?
- 11) Óskar skipstjórinn, að skipið, skipsáhöldin og skipsfármurinn sé selt við opinbert uppboð, eður óskar hann að fá geymslustað fyrir það, sem bjargað hefir verið?
Ofanskrifuð svör hefi eg, er rita nafn mitt hér undir, gefið samkvæmt sannleikanum.

9) Les habitants du pays ont-ils porté secours, selon leurs moyens, ou ont-ils donné cause à complainte, en quoi que ce soit?

réponse:

10) Le patron (capitaine) désire-t-il l'assistance de l'autorité pour le sauvetage et pour le renvoi chez eux des hommes de l'équipage?

réponse:

11) Est-ce que le capitaine désire que le navir, ses dépendances et sa cargaison soient vendus en vente publique, ou bien demande-t-il une place pour y mettre les biens sauvés?

réponse:

Réponse aux questions ci-dessus a été faite conformément à la vérité par le soussigné.

9) Have the inhabitants of the country been rendering their assistance as well as they have been able, or have they, in any way, given cause for complaint?

answer:

10) Does the captain wish for the assistance of the authority in the salvage, and for sending home the crew?

answer:

11) Does the captain wish the ship, her appertenances and cargo to be sold by public auction, or does he wish a place, where to lodge the saved goods?

answer:

The above questions have been answered in conformity with truth by the undersigned.